

## **REGLUR um keppni erlendis**

Reglur fyrir stjórn STÍ um val á keppanda til að keppa fyrir Íslands hönd á Alþjóðlegum ISSF/ESC/FITASC/WRABF/NSR mótum.

1. Til að koma til álita sem keppandi fyrir hönd Íslands á erlendri grundu, þurfa skotmenn að hafa náð hið minnsta meðaltali Ólympíulágmarks (MQS) eða meistaraflokksárangri í sinni grein, samkvæmt skorlista, í tveimur mótum hið minnsta, undangengið tímabil.
2. Við val á keppendum til keppni á erlendri grundu skal þó staða á Heims- og/eða Evrópuafrekalistum vega þyngra. Er þá heimilt að víkja frá ákvæði 1.greinar.
3. Stjórn STÍ skal leitast við að velja til keppni hæfustu einstaklingana og leggja þar til grundvallar stöðu á afrekslistum héraðs sem og erlendis.
4. Stjórn er heimilt að efna til úrtökumóta ef staða skotmanna er jöfn og ekki er talið fært að velja nema með slíkum aðferðum.
5. Stjórn STÍ getur sett fram auknar lágmarkskröfur einsog t.d. lágmarksskor í hverri grein. Slíkar kröfur skal birta á heimasíðu STÍ.
6. Stjórn STÍ er heimilt að veita undanþágur frá ofangreindum liðum ef keppendur óska eftir að halda til keppni á eigin kostnað eða aðrar sérstakar aðstæður mæla með því.
7. Keppendur sem halda til keppni samkvæmt 6.grein geta sótt um styrk frá STÍ sem nemur mótagjaldi.
8. Val ræðst þó alltaf af fjárhagsstöðu STÍ.

Samþykkt á stjórnarfundum STÍ 16.desember 2014